

Stjórn Reykjanesfólkvangs  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík



Reykjavík, 16. júlí 2013  
Tilvísun: UST20130500182/wfhw

**Fyrirhuguð friðlýsing Brennisteinsfjalla skv. rammaáætlun og endurskoðun  
friðlýsingarskilmála Reykjanesfólkvangs**

Bréf þetta er ætlað sem tilkynning til stjórnar Reykjanesfólkvangs vegna upphafs ferils að fyrirhugaðri friðlýsingu þess svæðis sem kennt er við Brennisteinsfjöll í samræmi við þingsályktun um vernd og nýtingu landsvæða (rammaáætlun), en samkvæmt þingsályktuninni er svæðið (68 Brennisteinsfjöll) flokkað í verndarflokk. Hluti svæðisins sem um ræðir er innan marka Reykjanesfólkvangs. Jafnframt er vísað til bréfss stjórnar Reykjanesfólkvangs, dags. 29. júní 2012, þar sem upplýst er um bókun stjórnar þar sem fram kom að stjórn Reykjanesfólkvangs stefnir að endurskoðun auglýsingar fólkvangsins og óskað eftir að Umhverfisstofnun leiðbeini stjórninni um framkvæmd endurskoðunar, gefi álit sitt á efni nýrrar auglýsingar og leggi fram áætlun um hvernig endurskoðunarferlið fari fram.

Í lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun er kveðið á um verklag við yfirferð á virkjunarkostum og flokkun þeirra í þrjá flokka; verndarflokk, nýtingarflokk og biðflokk. Samkvæmt ákvæðum laganna ber að leggja fram á Alþingi, eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti, þingsályktunartillögu um flokkunina. Var fyrsta þingsályktunartillagan samkvæmt lögum þessum samþykkt þann 14. janúar 2013. Í 4. mgr. 6. gr. framangreindra laga kemur fram að stjórvöld skuli hefja undirbúning að friðlýsingu þeirra svæða sem falla í verndarflokk samkvæmt ákvörðun Alþingis og er þar með talin ástæða til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Um friðlýsingu svæðanna fer samkvæmt, gildandi lögum um náttúruvernd. Samkvæmt framangreindri þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða falla Brennisteinsfjöll, innan marka Reykjanesfólkvangs, í verndarflokk.

Umhverfisstofnun áformar að hefja undirbúning að friðlýsingu Brennisteinsfjalla í samræmi við fyrrgreind lagaákvæði. Undirbúningur friðlýsinga snýst meðal annars um umfang friðlýsingar, friðlýsingarflokk, mörk svæðisins, hvaða reglur verði settar um þætti eins og framkvæmdir og umferð á svæðinu og vinnu að verndar- og stjórnunaráætlun fyrir svæðið. Umhverfisstofnun telur að eðlilegt sé að vinna að friðlýsingu Brennisteinsfjalla í samræmi við rammaáætlun samhlíða endurskoðun á auglýsingu fólkvangsins sbr. erindi stjórnar Reykjanesfólkvangs, en friðlýsing Brennisteinsfjalla gagnvart orkuvinnslu er í góðu samræmi við þá afstöðu stjórnar Reykjanesfólkvangs sem fram kemur í drögum að Stjórnunaráætlun fyrir Reykjanesfólkvang 2012-2022.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	19.7.2013
Málsnr:	1307204
Bréfál:	760-3

Sérstaklega skal bent á að samkvæmt 7. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun er það meginregla að sveitarfélög skulu samræma gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir verndar- og orkunýtingaráætluninni innan fjögurra ára.

Vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar Brennisteinsfjalla í samræmi við rammaáætlun og endurskoðun auglýsingar um Reykjanesfólkvang óskar Umhverfisstofnun eftir fundi með stjórn Reykjanesfólkvangs til þess að fara yfir málið, en ætla má að mikla þekkingu sé að finna hjá stjórn fólkvangsins sem rétt er að lögð sé til grundvallar við ákvarðanir sem þessar. Fulltrúi frá Umhverfisstofnun mun vera í sambandi til þess að skipuleggja fundinn nánar.

Virðingarfyllst



William Freyr Huntingdon-Williams  
Lögfræðingur



Hildur Vésteinsdóttir  
Teymisstjóri

Afrit:

Reykjavíkurborg, Tjarnargata 11, 101 Reykjavík  
Seltjarnarnes, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes  
Kópavogsþær, Fannborg 2, 200 Kópavogur  
Garðabær, Garðatorg 7, 210 Garðabær  
Hafnarfjarðarbær, Strandgata 6, 220 Hafnarfjörður  
Grindavíkurbær, Víkurbraut 62, 240 Grindavík  
Reykjaneshús, Tjarnargata 12, 230 Reykjaneshús  
Sveitarfélag Íslands, Íslandsdalur 2, 190 Vogar

